

verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 16/1901.

Halldór Bjarnarson

gegn

Jóhönnu Bjarnardóttur, Birni St. Guðmundssyni, Jóni Guðmundssyni, Vilborgu S. Guðmundsdóttur og Jakobínu Jónsdóttur.

D ó m u r:

Mál þetta höfðuð hin stefndu í héraði gegn áfrýjandanum, prestinum Halldóri Bjarnarsyni að Presthólum samkvæmt 225. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 fyrir meiðyrði um mann, föður og bróður þeirra látinn, Guðmund hreppstjóra Jónsson á Grjótnesi, og var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 12. ágúst 1899 þannig, að áfrýjandinn samkvæmt 217. gr. hegningarlaganna, sbr. við 225. gr. þeirra, var dæmdur í 50 kr. sekt til lands-sjóðs eða til vara í einfalt fangelsi í 15 daga; svo var hann og dæmdur í 10 kr. sekt til landssjóðs fyrir óþarfa málsýfingu og til að greiða stefndu 20 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 1. apríl f. á. og hefir hann krafist þess, fyrst og fremst, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur og hin stefndu skyld-

uð til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum, en til vara, að áfrýjandi verði sýknaður af kærur og kröfum hinna stefndu og þau dæmd í málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati réttarins; svo krefst hann og, að sektin fyrir óþarfa þrætu verði feld úr gildi. Af hálfu hinna stefndu hefir þess aftur á móti verið krafist, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur, að minsta kosti að því er snertir ómerkingu hinna umstefndu ummæla.

Ómerkingarkröfu sína byggir áfrýjandi á því, að í stefnunni til héraðsréttarins er áfrýjanda stefnt út af ummælum um Guðmund heitinn Jónsson í framhaldsvarnarskjali dags. 28. okt. f. á. (þ. e. 1898), en á sáttafund var honum stefnt út af ummælum í framhaldsvarnarskjali dags. 28. okt. 1896 og kröfur stefndu í undirréttinum og dómurinn þar átti einnig við meiðandi ummæli í skjali dags. 28. okt. 1896. Álitur áfrýjandi, að þannig hafi verið dæmt um óstefuda sök í undirdóminum og eigi því að ómerkja dóminn. Það verður þó eigi álitid, að umgetin ósamhljóðan héraðsstefnuhinnar við kröfur stefnda í undirréttinum hafi átt að leiða af sér frávisun málsins þar, og eigi því nú að varða ómerking dómsins, því að þrátt fyrir þessa ósamhljóðan, sem auðsjáanlega er framkomin við ritvillu í stefnunni, f. á. í stað ártalsins 1896, þá er málsefnið svo greinilega einkent í stefnunni, meðal annars með því, að hin átöldu meiðyrði eru talin þar upp, að engin áherzla verður lögð á nefnda missritun, sem engan gat vilt um sakarefnið. Ómerkingarkrafa áfrýjanda verður því eigi tekin til greina.

Ummæli þau, sem átalín eru í málinu, ritaði áfrýjandinn í varnarskjali fyrir rétti 28. okt. 1896 í sakamáli, er þá hafði höfðað verið gegn honum af réttvísinnar hálfu, en Guðm. sál. Jónsson, sem átt var við með ummælunum, var þá látinn, og höfðuðu aðstandendur hans, hin stefndu, mál gegn áfrýjandanum út af meiðyrðunum, fyrst 26. okt. 1897, en það mál ónýttist, og síðan aftur þetta mál, sem nú er áfrýjað. Hin átöldu ummæli eru þessi: að Guðmundur sál. Jónsson hafi meðal annara, sem kallaðir voru til að bera vitni í nefndu sakamáli gegn áfrýjanda, gert »fólsleg samtök til ljúgvitnis og rangra réttarskýrslna«, að hann ásamt öðrum »hafi lánað sig til að ljúga æruna af saklausum«, að hann ásamt fleirum hlaupi frá hálfstöðum sannleikanum til að halda lygum á lofti, að hugsunarháttur hans hafi verið »svipaður þessu: Fá mér átyllu til að breyta framburði mínum hinum fyrsta, þá skal eg bera hvað sem þú vilt«, að hanu hafi verið »lygari«.

Þessi ummæli verða að teljast mjög meiðandi fyrir hinn látna mann, sem þau voru höfð um, og þar sem þau eru eigi að neinu leyti réttlætt af áfrýjanda, ber að heimfæra þau, eins og undirréttardómarinn hefir gert, undir 217. gr. alm. hegningarlaga og dæma þau dauð og ómerk samkvæmt 220. gr. sömu laga. Aftur á móti verður áfrýjandi sakir ákvæða 67. gr. hegningarlaganna, sbr. 68. gr. 1. málsl., eigi látinn sæta refsingu fyrir ummælin, þar sem liðin voru meir en 2 ár frá því að meiðyrðin voru viðhöfð og þangað til mál þetta var

höfðað af nýju, en það var með sáttakæru, dags. 24. marz 1899. Með því að áfrýjandinn kom eigi til sáttafundar í málinu, þótt hann væri löglega tilkallaður, er hann með aukaréttardóminum réttilega dæmdur í sekt samkvæmt tilsk. 11. ág. 1819 og í málskostnað i héraði, og ber því að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms að þessu leyti. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Framantalín meðandi ummæli eiga dauð og ómerk að vera. Ákvæði aukaréttardómsins um sekt fyrir óparfa málsýfingu og um málskostnað eiga að vera óröskuð. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Ídæmd sekt og málskostnaður greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 42/1901.

Gunnar Gunnarsson
gegn
Birni Símonarsyni

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði í héraði áfrýjandinn Gunnar Gunnarsson trésmiður í Reykjavík gegn stefnda, Birni Símonarsyni gullsmið samastadar, til greiðslu á $\frac{4}{5}$ hlutum af 300 króna víxli, sem áfrýjandi hafði gefið út á hendur Tómasi Gunnarssyni tómthúsmanni en stefndi skrifað aftan á nafn sitt á-